

**565. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 8. september
2021 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Anton Helgi Guðjónsson varaformaður, Þóra Marý Arnórsdóttir formaður, Smári Karlsson aðalmaður, Lína Björg Tryggvadóttir aðalmaður og Daníel Jakobsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Ragnar Ingi Kristjánsson.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Skipulagsmál á Sundabakkasvæðinu - 2017050124

Gunnar Páll Eydal, umhverfis- og auðlindafræðingur hjá Verkís, mætir til fjarfundar, til að kynna lokatillögu vegna aðalskipulags Sundahafnasvæðis. Hafnarstjórn vísaði kynningunni til skipulags- og mannvirkjanefndar á 223. fundi sínum þann 30. júní 2021.

Lokatillaga kynnt og vísað aftur til hafnarstjórnar við vinnu við Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar.

Gestir

Gunnar Páll Eydal, f.h. Verkís. - 08:15

Gunnar yfirgaf fund kl. 9:00.

2. Nýsköpunarbærinn Ísafjörður - 2021010035

Steinunn Ása Sigurðardóttir mætir til fjarfundar f.h. Vestfjarðastofu til kynningar á stöðu verkefnisins um nýsköpunarbærinn Ísafjörð.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarráð að taka afstöðu til loka verkefnisins.

Steinun yfirgaf fundinn kl. 9.57.

Lína Björg Tryggvadóttir, aðalmaður nefndarinnar, yfirgaf fundinn klukkan 9.57. Varamaður tók ekki sæti.

3. Framkvæmdaáætlun 2022 til 2032 - 2021040094

Lagðar fram tillögur menningarmálanefndar til framkvæmdaáætlunar Ísafjarðarbæjar 2022-2032, í samræmi við minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 27. ágúst 2021, og excel skjals vegna tillagnanna.

Lögð fram framkvæmdaáætlun Hafna Ísafjarðarbæjar 2022-2032.
Hafnarstjórn vísaði áætluninni til samþykktar í skipulags- og mannvirkjanefnd á 224. fundi sínum þann 6. september 2021.

Lagður fram framkvæmdaáætlun frá íþrótt- og tómstundanefnd. Aðeins er forgangsraðað verkefnum sem nú þegar eru á en engin ný verkefni.

Tillögur kynntar og málinu frestað til næsta fundar.

4. Gjaldskrár 2022 - 2021050043

Tillaga að gjaldskráum umhverfis- og eignasviðs fyrir árið 2022 lagðar fram til samþykktar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja gjaldskrá slökkviliðs, skipulags- og framkvæmdaleyfisgjaldskrá og gatnagerðar- og byggingarleyfisgjaldskrá.

Nefndin leggur jafnframt til að samþykkt um gatnagerðargjöld verði á þann veg að við 7. gr. sérstakrar lækkunarheimildir bætist við eftirfarandi „Ef samþykkt er stækkun íbúðarhúss, sem er a.m.k. 15 ára, skal ekki greiða gatnagerðargjald, enda nemi stækkunin ekki meiru en 30 m² á hverja íbúð“

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:30